

Vorfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna

haldinn 29. apríl 2016

á Hótel Valaskjálfi, Egilsstöðum.

Marta Hildur Richter, Bókasafni Mosfellsbæjar fundarstjóri setur fundinn klukkan 9 og kynsir dagskrá dagsins. Fundarritari fyrir hádegi er Jóhanna Hafliðadóttir, Bókasafni Héraðsbúa.

Katharina A. Schneider, frá Héraðsbókasafni A-Húni á Blönduósi, flytur fyrirlestur sem nefnist, „**Minting new coin**“. Hún nefnir að það hafi verið fundur fyrir norðan fyrir norðanfólk og Landkerfisfólk mætti á fundinn. Þar hafi m.a. verið talað um ófaglært starfsfólk á bókasöfnum, en þeir eru ófáir á litlu söfnunum. Hún byrjaði á því að lesa ljóð eftir Philip Larkin – þaðan sem hún tók fyrrsögnina á fyrirlestrinum.

*New eyes each year
Find old books here,
And new books, too,
Old eyes renew;
So youth and age
Like ink and page
In this house join,
Minting new coin.*

Bókasafnið á Blönduósi stofnað árið 1907 með ákvörðun sýslunefndar. Flutti í núverandi húsnæði árið 2000 eftir mikinn flækning í gegnum árin. Það er ekki samsteypusafn en mikil samvinna er við Blönduóskóla. Skólabörn koma þó ekki nema í fylgd með kennurum. Þar er góð aðstaða til að læra og lesa en lítið notuð. Helstu vandamál bókasafnsins – og hún nefnir nokkra frasa sem hún hefur heyrt: „Hvað ætlarðu á bókasafnið, af hverju notar þú ekki bara Wikipediu.“ „Ég ætla bara ekki að bíða eftir bók í mánuð.“ „Það eru allir hættir að lesa“ sem hún segi ekki satt – fólk lesi bara öðruvísi. Hún sýnir mynd frá átakinu Allir lesa – en þar eru konur að lesa í sundlauginni. Hún segir að við séum orðin Digital nation – heilinn breytist fljótt. En bókasöfn berjast við ímyndarvandamál – þau séu ekki sexi.

Bókasöfn eru ekki bara bækur. Katharina kíkir alltaf á almennisbókasöfn þegar hún kemur á nýja staði og segir það segja meira um samfélagið en t.d. venjuleg kaffihús. Hún nefnir að hún noti mikið þýskt rafbókasafn onleiðis í viðbót við pappírshækur. Fékk þar 300 bækur í fyrra fyrir sig og börnin. Sýnir mynd af rosaflootu nýju bókasafni í Þýskalandi – með fullt af nýjum möguleikum. En það eru nýju stóru söfnin. Minni bókasöfn hafa ekki þessa möguleika.

Fólksfækkun í Blönduósi – bókasafnið „vitlausu“ megin við ána. Menningarviðburðum er dreift um bæinn. Hún er hrifin af menningarhúsum eins og á Dalvík og Hvammstanga. En það stendur ekki til að byggja fjölmenningshús á Blönduósi. Litill áhugi á bókasöfnum. Hún segir brýnt að það þurfi vekt á athygli stjórnanda á hvað góð skólabókasöfn hafa mikil áhrif á krakka.

Katharina segist óhrædd við að breyta – og athuga hvað virkar. Hún er búin að breyta uppröðuninni þannig að bækurnar eru sýnilegri. Finnst skemmtilegt að hafa gott pláss í hillunum. Það er fuglaskoðunaraðstaða einu horninu enda mikið fuglalíf þar fyrir utan gluggann. Hún er að fara að stofna textilbókasafn með hússtjórnarskólanum. Upplýsingamiðstöðin flutti nýlega í húsið þar sem

bókasafnið er. Upplýsingamiðstöðin er ekki á hennar ábyrgð en tveir starfsmenn voru ráðnir í það verkefni. Búin klukkan 9.30.

Lisa Kaplon, bókasafnið í Neskaupstað „ Staða og framtíð lítilla almenningsbókasafna á landsbyggðinni“. Lisa er ný í bænum, byrjaði að vinna á safninu í ágúst. Hún nefnir að það sé afskekkt, endastöð, vegurinn liggja ekki áfram. Um 1.500 íbúar í Neskaupstað og fjölmennasti byggðakjarni í Fjarðabyggð. Helsta á svæðinu er að það séu að koma göng, Verkmenntaskólinn haldi börnum lengur heima og Fjórðungssjúkrahúsið sé stór vinnustaður. Þá verður nýr leikskóli opnaður í haust og verður rétt hjá bókasafninu sem er mikill kostur því það kostaði rútu að koma með börnin af leikskólanum á safnið.

Öll bókasöfnin í Fjarðabyggð eru samsteypusöfn og undir Safnastofnun Fjarðabyggðar. Góð vinnuaðstaða á bókasafninu til að læra og vinna. Sófakrókur og leskrókur fyrir börnin. Hún segir að það sé kostur að vera með bókasafnið í skólanum. Börnin eru von að koma á bókasafnið. Hún er dugleg að létta til á safninu og grisja. Gestir á safnið eru að meðaltali 22 á dag. Meiri hluti safngesta eru nemendur. Yngstu krakkarnir nota safnið mest. 1.350 útlán á mánuði þar af u.þ.b. 35% á almenningsbókasafninu. Safnið er með Facebooksíðu. Safnið er þjónustugátt fyrir sveitarfélagið eins og hin bókasöfnin í Fjarðabyggð nema Linda sem sér um söfnin á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði segist hætt að taka þátt í að vera með þjónustugáttina því hún fái ekki greitt fyrir það aukalega.

Bókasafnið í Neskaupsstað hefur tekið yfir bókasafnið á Mjóafirði og í Norðfjarðasveit (Eiríks rauða) en Lisa segist hvorki hafa tíma til að ganga frá þeim né bókasöfnum frá ýmsum dánarbúum. Þetta sé enn í kössum. En er samt að grisja.

Hún segir frá vellukkaðri ljósagöngu sem haldin var í haust og segir frá viðburðum sem hún undirbýr fyrir sumarið (svo sem námskeið í að búa til pappír o.s.frv.) Samstarfið þeirra í Fjarðarbyggð hefur verið í lágmarki undanfarið því þar eru svo margir nýir starfsmenn. En fundur er fyrirhugaður fljótlega. Erfitt hjá þeim því reksturinn er alveg í járnum.

Umráður:

Sunna segir frá að bókasafnið á Grundarfirði sé nýbúin að flytja og á þeim stað noti hún bara ¼ af safnkostinum – helmingur er í geymslunni ca. 5.000 bækur lánaðar út. Hún sækir minna en 200 bækur á ári í geymsluna. Það séu tvær til þrjár fjölskyldur sem stundi safnið. Krakkarnir koma ekki á safnið þau fá allt sitt í skólanum. Unglingar koma bara ef þeim vantar ritgerðarefni. Og hún grisjar mikið.

Laufey á Dalvík spyr Lisu hvað hún telji að hún vinni marga vinnutíma á viku. Og jafnframt hvað hún telji að hún þurfi marga tíma til að komast í gegnum kassana. Lisa telur að það þyrfti að hækka stöðugildið í 1,5 til 2. Og brýnt að fá aðra manneskju til að vinna með.

Marta spyr hvor það sé möguleiki að flytja bókasafnið á Blönduósi meira miðsvæðis. Katharina segir að það verði ekki hægt næstu árin

Pálína nefnir að Foldarsafn hafi verið flutt á betri stað og útlán og notkun stóraukist við það.

Heiðrún segir að staðsetning skiptir máli og segir gott að fólk komi inn. Þess vegna fannst henni gott þegar safnið á Selfossi fór að selja strætómiða því það lokkar fólk inn.

Nefnt var að það væri gott að vera með tímarit, þá komi fólk frekar inn.

Lisa nefnir að hún hafi fengið gefins tímaritið Júlíu – sem lokki unglunga inn.

Andrea í Grindavík segist fá sting í hjartað við að heyra upphæðirnar sem litlu söfnin fá til bókakaupa.

Laufey á Dalvík nefnir upphæðina sem var lögbundið lágmark þegar lögunum var breytt (1034 krónur á haus á íbúa) – og var að spá í hvað það mundi gera í dag.

Sunna á Grundarfirði fær mikið af nýjum bókum, sem hún má gera hvað sem hún vill við. Hún setur það sem hún notar ekki á gjafaborð en selur ekki

Katharia segist vera búin að grisja mikið og hún er með bókamarkað einu sinni á ári.

Pása - Jóga með Þóru Sigríði.

Fundi fram haldið eftir morgunkaffi.

Hólmkell Hreinsson „Barnabókasetrið á Akureyri“ Hann byrjar á að segja frá að það sé mikið grisjað á Amtinu og að bókasafnið í Hrísey hafi verið sameinað Amtsbókasafnið. Þau fóru nokkur út í Hrísey, til að fara í gegnum safnið, þar var mikið rusl en engu hægt að henda því allir vita hverju er hent. Sett á bretti og sent til Akureyrar – brettið hvarf – en kom „því miður fram nýlega“.

Barnabókasafn er draumur Sigrúnar Klöru Hannesdóttur. Hólmkell segir frá stofnun safnsins sem var vígt 4. febrúar 2012. Hlutverk safnsins er rannsóknir og fræðsla, að safna þekkingu og stuðla að framgangi lestrarmenningar. Barnabókasetrið er til húsa í háskólanum á Akureyri. Þar vantar aðstöðu fyrir bækurnar. En þær eru allar til í skylduskilum á Amtinu og fólk sem er að skoða og rannsaka barnabækur getur komið þangað.

Hann segir að kannanir sýni að því meira sem fólk lesi – því betur gangi því að tjá sig. Um fjórðungur barna les aldrei sér neitt til ánægju.

Segir frá könnun Þorbjörns Broddasonar um Börn og sjónvarp. Lestur barna minnkar, en hefur stabiliserast síðustu ár. Hann segir einnig frá dapurlegri Pisa könnun um lesskilning. Þetta sé nokkuð sem þarf að gera eitthvað með. Grundvallarmarkmið: Að stjórna á eigin árangri og hafa **ánægju af bóklestri**

Segir frá könnun á krökkum sem tóku þátt í sumarlestri og samanburðarhópi sem voru íþróttaskólabörn. Foreldrar lásu fyrir sumarlesturkrakkana en kannski móðir fyrir íþróttaskólabörnin. Hann sagði frá að það væru mest útlán á Amtinu í júlí, en þá eru skólabókasöfnin lokuð.

Hann segir gleðilegt að barnabókaútgáfa hefur aukist að magni (en ekki alveg að gæðum).

Verkefni: Að efla fjölskyldulestur. Sett í gang könnun um lestur á heimilinum.

Að vinna að framgangi lestrarmenningar meðal barna og ungmenna á Íslandi.

Hann sýnir myndir af sýningu frá vígslu barnabókasetur af þekktu fólki með uppáhaldsbarnabókinni sinni. Og segir að þær virki hvetjandi á krakkana.

Sýning: Vörðuð leið frá Nonnahúsi upp í bókasafn, með síðum úr barnabókum. Skiltin eru úr galvaniseraðu stáli og fest á ljósastaura. Þau sóttu um styrki fyrir þetta. Söfnin þurfa bara að hafa prentsmiðju og vélsmiðju í nágrenninu. Þau á Amtinu sækja um alla mögulega og ómögulega styrki og vinna með hugmyndir. Eins og Siljan 2015 – sem var prufukeyrð í Eyjafirði – það var myndbandasamkeppni sem tengdist efni tiltekinnna bóka sem gefnar voru út á árunum 2012-14).

Siljan 2016 – var fyrir allt landið. Alla grunnskólanema í 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. – Sjá www.barnabokasetur.is

Hann sýnir verðlaunamyndböndin frá Siljan 2015 sem eru á youtube.

Spurt hvort ekki sé hægt hafa spjöldin sem farandsýningu . Hólmkell svarar því til að þetta hafi verið tilraunaverkefni og fyrsta prentunin hafi skemmst.

Andrea Ævarsdóttir í Grindavík „Breytt uppröðun bóka á bókasöfnum“. Hún ætlar að breyta uppröðuninni á bókasafninu því unglingarnir vilja ekki vera þar sem gert var ráð fyrir þau.

Hún segir frá að bókasöfnin í Maricoba í Texas hafi búið til nýtt kerfi, Shelf logic, sem þau hafa einkaleyfi á. Starfsmaður sendi henni myndband um hvernig þetta er gert. Og sýnir myndbandið – Dewey er notaður í grunninn – en notuð orð í staðinn fyrir númerin. Þetta er er fimm ára planinu hjá bókasafninu í Grindavík. Börnin í Grindavík verða pirruð á því að bækurnar gæludýr eru ekki á sama stað og hin dýrin eru.

Andrea segir að börnin séu að leita að einhverri bók – og spyrja ekki fyrr en þau eru alveg komin í þrot. Barnabækur sem henta miðstiginu eru sér. Dýrabækur flokkast undir dýr, en svo flokkast það undir gæludýr, húsdýr, pöddur, vilt dýr. Hún talar um raða eins og það hentar notendum og áhugamál Andreu „er að drepa Dewey“.

Marta segist ekki hafa séð neina logik í Danska Dewey þegar hún byrjað að vinna í Danmörku. Okkur finnst Dewey logiskur – en kúnnunum ekki! Lisa segir að Dewey sé ekki notaður í Þýskalandi en þar séu notuð ótal mismunandi kerfi.

Andrea ætlar að breyta öllum kjalmerkingum en í kerfinu sjáist bæði hvernig bókin er skráð í Dewey og hvernig hun er röðuð í hillunum.

----- Hádegishlé -----

Erla Kristín Jónasdóttir, Borgarbókasafni Reykjavíkur, Grófinni fundarstjóri setti fund að loknu hádegishléi. Fundarritari eftir hádegi er Stefanía Gunnarsdóttir, Bókasafni Reykjanesbæjar.

13.00 Hrönn Sigurðardóttir og Svandís Tryggvadóttir. Nemar í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands. „Stokkað upp á bókasafninu á Selfossi“.

Hrönn og Svandís kynntu BA verkefni sitt, sem er tilraunaverkefni sem snýst um litakóðun í barnadeild. Hugmyndin er „Bók fyrir hvern notenda og notanda fyrir hverja bók“. Þær fóru að raða saman flokkum eftir litum, 10 flokkar þar sem litur og efnisinnihald fara saman. Skáldsögur og flokkabækur saman, Dewey til hliðar. Fyrirmyndin kemur frá Darien Library í Bandaríkjunum. Markmiðið er að einfalda leit fyrir yngstu notendur að bókum. Þær stöllur telja mikilvægt að hafa stuðning yfirmanna við verkefnið. Þær gerðu bækling og veggspjald fyrir notendur og starfsfólk. Vinnustundirnar voru um 4-5 vikur í breytingarnar og um 5000 eintök. Í kjölfarið voru umræður um litaflokkun, en þeirra upplifun að börnum finnst auðveldara að finna bækur í stað þess að ráfa ekki um safnið. Heiðrún Dóra forstöðumaður safnsins er ánægð með verkið, starfsmenn þurfa að tileinka sér þessar breytingar. Tölur teknar fyrir breytingar og gaman að fylgjast með þeim í framhaldinu.

14.00 Kristín Viðarsdóttir – Verkefnastjóri Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO : „Komdu með á hugarflug – Sleipnir, lestarfélagi barnanna“.

Kristín kynnti Sleipni fyrir fundarmönnum sem Lestrarhvetjandi verkefni fyrir börn. Sleipnir er tákn fyrir lestrargleði og áhersla á gleði, lestur sem ferðalag. Markmiðið er að öll börn þekki Sleipni sem lestrarféлага og hitti hann. Almenn fyrir börn á Íslandi og allir mega nota hann. Fyrirmyndin kemur frá Skotlandi með þekktri figúru. Farið er í heimsókn í leikskóla og grunnskóla og gerður bæklingur ætlaðan foreldum. Hægt að fá bæklinginn hjá þeim til útprentunar. Slagorð komdu með á hugarflug. Gerður Kristný skrifaði fyrstu bókina um Sleipni og þeir sem vilja bókina geta haft samband við Kristínu. Kristín sýndi fundarmönnum myndband af Sleipni. Stefna á Sleipnisstund sem pakka fyrir

leikskóla og bókasöfn. Hugmyndabanki verður settur á vefinn fyrir alla til að nýta sér. Kristín er til í samstarf ef önnur söfn hafa áhuga á að nota Sleipni. Opín er fyrir að Sleipnir fara utan Reykjavíkur, en það er kostnaður við leikara. Kristín dreifði bókamerkjum.

15.15 Pálína Magnúsdóttir frá Borgarbókasafni Reykjavíkur, Grófinni: „Upplýsingar um stöðu mála varðandi rafbókaútlán“.

Pálína upplýsti um gang viðræðna við rafbókaútlán. Tvennt í gangi, það vantar kerfi og samninga við útgefendur og höfunda. Eru að skoða þýska kerfið og Norðurlandakerfið. Landskerfi bókasafna ætla að kaupa platform. Eins og áður hefur komið fram eru útgefendur hræddir við rafbókaútlán en samningaviðræður standa yfir. Borgarbókasafn er að skoða ýmislegt ýmsa gagnabanka en Pálínu finnst skipta öllu máli að lána út íslenskar bækur. Módelið er þannig að ef bókasafn kaupir 5 bækur þá geta bara 5 verið í útláni á sama tíma. Hugsað sem eitt samlag og greitt eftir íbúafjölda. Gera ráð fyrir að byrja með tilraunakerfi þegar verið er að prófa okkur áfram 1-2 ár.

15.20 Pálína Magnúsdóttir og Hólmkell Hreinsson: „Annarskonar starfsfólk“

Pálína og Hólmkell hafa verið að glugga í bókina The Atlas of new librarianship. „New skills“ er þeim hugleikið, hvaða hæfni þau telja nauðsynleg í bókasöfnum framtíðar. Fóru yfir það sem einkennir hinn „fullkomna starfsmann“. Þau segja bókasafnið eigi að vera sveigjanlegt, hlutlaust rými og griðastaður. Mikilvægt fyrir samfélagið í heild. Hlutverk bókasafna er að breytast, það þarf að endurhugsa og þróa samstarf og frumkvæði og hugsa ekki um bækur sem vörumerki. Þau telja að allt eigi að snúast um notendur. Að lána út bækur er ekki aðalmarkmiðið heldur að sinna þörfum borgaranna. Bókasafnið eigum við saman og byggjum upp saman „bókasafnið okkar“. Umræður um árgjald safnanna í hópnum en við ráðum ekki við pólitískar ákvarðanir. Fundarmenn beðnir um hugmyndir af nýjum námsbrautum/efni sem kennd eru í faginu og komu margar hugmyndir. Fjörugar umræður og tillögur að hæfni starfsfólks.

Barbara tók saman yfirlit um fundinn og fór yfir erindin. Marta og Laufey þökkðu fyrir samstarfið og góða viðkyrningu. Pálína færði Heiðrúnu Dóru þakkir fyrir móttökurnar á Egilsstöðum.

Fundi slitið kl. 15:45